



Stýrimannaskólinn í Reykjavík

The College of Navigation – Navigationsskolen
SKÓLAMEISTARI – PRINCIPAL – REKTOR
Sími: 551-3046 – Telephone: Int. + 551-3046 – Telefax: 562-2750
Netfang - e-mail: gudarm@ismennt.is
SJÓMANNASKÓLI ÍSLANDS v/Háteigsveg, 105 Reykjavík
ÍSLAND - ICELAND

Alþingi
Erindi nr. P 127/743
komudagur 18.2.2002

Reykjavík, 14. febrúar 2002

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þurrleiguskráningu fiskiskipa, 285. mál.

Ég undirritaður get tekið undir þau sjónarmið sem hafa komið fram, að frumvarpið geti aukið möguleika íslenskra útgerða til að nýta skip sín til verkefna erlendis.

Á hitt ber þó einnig að líta, að það getur varla talist rétt eða heillavænleg þróun að stór hluti skipa í eigu Íslendinga, bæði kaupskip og fiskiskip, sigli undir erlendum fána og þá með erlendar áhafnir að hluta eða að öllu leyti. Atvinnuöryggi íslenskra sjómanna hlýtur þar með að vera stefnt í óvissu.

Hvar eiga þau íslensku ungmenni sem vilja leggja fyrir sig sjómennsku að fá tækifæri til þjálfunar og reynslu í sjómannsstörfum?

Nú þegar eru allt of fáir Íslendingar sem vilja vinna við sjávarútveg og sjómennsku. Útflöggun kaupskipaflotans og fiskiskipaflotans á undanförunum árum hefur ekki gert þennan atvinnuveg eftirsóknarverðari fyrir ungt fólk á Íslandi og því ástæða að vanda sérstaklega vel til lagasetningar um þessi mál.

Sem dæmi um þróunina vil ég benda hæstv. samgöngunefnd Alþingis á merkilega blaðagrein um afskráningu íslenskra fiskiskipa í vikublaðinu Fiskifréttum 23. febrúar 2001.

Þar kemur fram að á þriggja ára tímabili, árunum 1998-2000, voru 34 skuttogarar, samtals 21.180 brúttótonn, afskráðir, seldir úr landi, leigðir eða flaggað út. Flest þessara skipa voru frystitogarar og sum í hópi stærstu og glæsilegustu fiskiskipa Íslendinga.

Með tilliti til þessa álit ég að það þyrfti að ganga svo frá lögum um þurrleiguskráningu íslenskra fiskiskipa, að a.m.k. íslenskur skipstjóri og yfirvélstjóri fylgi skipunum.

Ég undirritaður legg því til að 2. gr. frumvarpsins verði breytt, að undangenginni könnun hvort sú breyting stenst íslensk lög og þjóðarrétt.

Tillaga um breytingu á 2. gr. er svohljóðandi:

2. gr.

Skip, sem er skráð á íslenska skipaskrá og skráð þurrleiguskráningu á erlenda skipaskrá telst vera íslenskt skip svo lengi sem það er í eigu íslensks eða íslenskra ríkisborgara að meirihluta, þó að það hafi ekki rétt til að sigla undir þjóðfána Íslands meðan þurrleiguskráning skipsins er í gildi.

Með þessari breytingu er um leið kveðið á um að skipstjórinn sé íslenskur ríkisborgari eða njóti atvinnuréttinda sem íslenskur ríkisborgari, sbr. 1. gr. laga nr. 112/1984 með síðari breytingum.

Ég undirritaður tek undir áhyggjur Sjómannasambands Íslands um að þegar íslenskt skip, sem hefur verið í þurrleigu, lýkur verkefnum sínum, þá muni þrýstingur aukast á að erlendir sjómenn starfi áfram á skipinu.


Alkunn leið hér á landi í sambandi við störf til sjós er að knýja slíkt fram með undanþágum og þyrfti að girða fyrir það í lögnum.

Hér eru taldir þeir þættir sem hafa valdið mestri fækkun í íslenskri sjómannastétt og m.a. fækkun nemenda í Sjómannaskólanum, undanþágur og minna atvinnuöryggi, sem má ásamt fleiru rekja til útflöggunar skipa.

Við endanlegan frágang frumvarps til laga um breytingu á skráningu skipa og þurrleiguskráningu verður að taka tillit til þessara veigamiklu atriða og tryggja að þegar skipið fer aftur undir íslenskan fána verði áhöfnin íslensk.

Í Danmörku er skráning um þurrleigu aðeins bundin við farskip. Þar í landi, í Færeyjum og Noregi, er svonefnd Alþjóðaskráning kauskipa (DIS, NIS og FIS, sem stendur fyrir Dansk International Skibsregister, Norsk International Skibsregister, Faroese International Shipping Register). Þetta fyrirkomulag og lagasetning stöðvaði nærri því alla útflöggun kauskipa í þessum löndum og gerði útgerðum það eftirsóknarvert að sigla áfram undir sínum eigin þjóðfána.

Virðingarfyllst,


Guðjón Ármann Eyjólfsson
skólameistari

